



Reykjavík, 26. júní 2025

Kæru stjórnendur velferðarþjónustu,

Bréfið er sent að beiðni starfsfólks sem starfar í barnavernd hjá sveitarfélögunum.

Með því viljum við hvetja ykkur til að kynna innleiðingu Signs of Safety (Merkis um öryggi) fyrir yfirstjórn ykkar sveitarfélags og kjörnum fulltrúum. Heildræn innleiðing Signs of Safety (SofS) í barnavernd á Íslandi er eitt af þeim verkefnum sem voru sett á oddinn í framkvæmdaáætlun ríkisins á sviði barnaverndar fyrir árin 2023 – 2027. Verkefnið er einnig í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hvað er Signs of Safety?

SofS er gagnreynd hugmyndafræði í barnavernd sem inniheldur samræmt verklag og verkfæri til að vinna með börnum, foreldrum og tengslaneti þeirra til að finna lausn á vanda barns. Hugmyndafræðin miðar að því að gera barnaverndarsamstarf skiljanlegt, árangursríkt og miða að varanlegum lausnum fyrir börn og fjölskyldur. Hægt er að fá frekari upplýsingar um hugmyndafræðina og innleiðinguna á heimasíðu BOFS <https://island.is/s/bofs/merki-um-oeryggi-signs-of-safety> og á heimasíðu SofS <https://www.signsofsafety.net/>

Hvenær hófst innleiðingin á SofS?

BOFS hóf undirbúning að innleiðingu á árinu 2024 með ráðningu verkefnastjóra sem heldur utan um verkefnið. Formleg innleiðing hófst 1. maí s.l. með námskeiðshaldi og handleiðslu starfsfólks sveitarfélaga sem starfa í barnavernd og félagsþjónustu.

Hvert er markmiðið með innleiðingu SofS?

Markmiðið er að barnaverndarstarf á Íslandi verði unnið með kerfisbundnari og markvissari hætti. Jafnframt mun innleiðingin auka gæði starfsins og auka á mannréttindi fólks og þátttöku barna í málum er þau varða.

Hvað sýna rannsóknir um SofS?

Rannsóknir hafa sýnt að starfsánægja fagfólks sem vinnur eftir hugmyndafræðinni eykst til muna.

Hvað felur innleiðingin á SofS í sér?

Innleiðingin felur í sér námskeiðshald og handleiðslu fyrir starfsfólk sveitarfélaga sem vinnur í barnavernd og félagsþjónustu.

Hún felur einnig í sér handleiðslu og sértæka þjálfun þess fagfólks sem leiðir innleiðinguna hjá hverri barnaverndarþjónustu fyrir sig.

Hvernig er þetta fjármagnað?

BOFS hefur fengið styrk frá starfspróunarsetri BHM og Sameyki auk styrks frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu fyrir kostnaðinum af öllu námskeiðshaldi, kennslu, handleiðslu, fundum og verkefnum tengdum innleiðingunni.

Hverjir sjá um innleiðinguna?

Elia heimssamtök SofS sjá um innleiðinguna á SofS. Það eru sérfræðingar frá Englandi og Svíþjóð sem sjá um alla kennslu, þjálfun, handleiðslu og innleiðingu í samvinnu við starfsfólk BOFS.

Ykkar þáttur í innleiðingunni

Við viljum að við öll tökum höndum saman og sjáum til þess að barnavernd á Íslandi verði eflað svo um munar með fyrirbyggjandi og gagnreyndum aðferðum. Börnin okkar eiga það skilið. Þið getið stutt starfsfólkið ykkar, þið getið séð til þess að þau geti forgangsraðað þessu, þið getið hvatt starfsfólkið ykkar til þess að taka þátt, prufa og æfa sig. Þið getið hrósað þeim fyrir að taka þátt og fyrir að leggja sig fram í þágu barna.

Með vinsemd og virðingu



Ólöf Ásta Farestveit,
forstjóri BOFS